

## Ísland - farþegabifreið

### Almennar upplýsingar um leigu

#### Mikilvæg skilríki

Þú og allir aðrir samþykktir ökumenn skulu hafa verið handhafar gildra ökuskrteina í a.m.k. eitt ár. Ennfremur gilda eftirfarandi skilyrði samkvæmt útgáfulandi ökuskrteinsins.

ESB-ökuskrteini

Tekið er við gildum ökuskrteinum frá öllum löndum innan Evrópusambandsins.

Öll önnur ökuskrteini

Ökuskrteinum á öðru stafrófi en latínustafrófi (arabísku, japönsku og kýrillisku stafrófi) skal fylgja alþjóðlegt ökuskrteini. Ekki er krafist alþjóðlegs ökuskrteinis þegar kínverskum ökuskrteinum er framvísað en hins vegar skal framvísa gildri þýðingu á ökuskrteininu (slíka þýðingu má nálgast hjá þjónustudeild Sixt í Kína með því að hafa samband við cs@sixt.cn).

Framvísið gildum persónuskírlikjum eða vegabréfum þegar ökutækið er sótt.

#### Aldurstakmörk

Eftirfarandi reglur eru í gildi á Íslandi er varða lágmarksaldur og handhafa ökuskrteina:

Lágmarksaldur	Skilyrði fyrir útgáfu ökuskrteinis	Bifreiðaflokkur
20	Handhafi ökuskrteinis í eitt ár	MDMR, MDAR, EDMN, EDAN, ECMR, CDMN, CDAN
22	Handhafi ökuskrteinis í tvö ár	EFMN, CLMR, CLAR, CWMR, CWAR, CFMR, CFAR, CVMR, IDMR, IDAR, IWMR, IWAR, IFMN, IFAR, IVMR, SDAR, SWMR, SWAR, SFAR, SSAR
25	Handhafi ökuskrteinis í þrjú ár	IDAH, FFAR, FSAR, FVMN, PFAR, LFAR, XFAR

Ökumenn yngri en 25 ára verða að greiða aukagjald.

### Upplýsingar um gjöld

#### Almennar upplýsingar

Tekið er við eftirfarandi kreditkortum: Eurocard/Mastercard, AmericanExpress, VISA. Ekki er tekið við Diners Club-kortum. Við tökum ekki við fyrirframgreiddum kortum né debetkortum (Visa Electron).

Leigutaki verður að vera handhafi kreditkortsins sem greitt er með. Upplýsingar um samþykktan ökumann og greiðslumáta eru staðfestar í bókunarferlinu og er ekki hægt að breyta. Staðfesta kreditortið skal vera í gildi og sýna verður kreditortið þegar ökutækið er sótt. Allur aukakostnaður sem kemur til við leigu bifreiðarinnar verður tekinn af þessu kreditorti.

Þegar bókað er með greiðslu á fyrirframgreiddu gjaldi verður áætluð heildarupphæð leigunnar gjaldfærð beint af kreditkortinu áður en leigan hefst. Upphæðin sem verður gjaldfærð á kreditkortinu felur í sér leiguverðið og allan annan aukakostnað.

Leiguupphæðina (auk annarra umsaminna gjalda svo sem undanþágugjalda frá ábyrgð, afhendingargjalda, flugvallargjalda o.s.frv.), auk lögbundinnar upphæðar virðisaukaskatts sem kann að eiga við, skal greiða að fullu samkvæmt meginreglu fyrir umsamið leigutímabil, þ.e. engin endurgreiðsla á sér stað ef ökutækið er sótt of seint eða því er skilað of snemma.

Aðeins er tekið við Sixt CarExpress Servicecard (Advantage Circle) þegar gildu kreditorti er framvísað um leið. Ekki er tekið við reiðufé.

Athugið að hugsanlega verður að slá inn PIN-númer kreditkortsins þegar greitt er með kreditorti.

Leitað verður heimildar til að gjaldfæra á fyrirfram valinn greiðslumáta sem greiðslutryggingu. Nákvæm upphæð innborgunarinnar er ákvörðuð við skil þar sem upphæðin fer eftir ökutækinu (leiguupphæðinni og aukakostnaði eins og við á).

Bílahópur	Innborgun
	EUR
MDMR, MDAR, EDMN, EDAN, CDMN, CDAN, CWMR, CWAR, IDMR, IDAR, IWAR.	300,00
IDAH, CFMR, CFAR, IFMN, IFAR, SDAR, SWAR, SSAR, SFAR, FFAR, FSAR, LFAR, FVMN.	500,00

Innborgun fyrir mjög verðmæt ökutæki er hugsanlega ekki sú sama.

### Sérstakar upplýsingar um leigu þegar bókað er með greiðslu á fyrirframgreiddri upphæð

#### Fyrirframgreiðsla - borgað strax

Þegar bókað er með greiðslu á fyrirframgreiddri upphæð verður upphæðin gjaldfærð ásamt heildarleiguupphæðinni (þ.m.t. bókanir á aukabúnaði og önnur aukagjöld) áður en leigan hefst. Bæði ökumaður og greiðslumáti eru fastsettir við bókun og er ekki hægt að breyta síðar. Engin endurgreiðsla er reidd af hendi ef ökutækið er ekki sótt, ef ökutækið er sótt of seint eða þegar því er skilað of snemma.

Leitað verður heimildar til að gjaldfæra á fyrirfram valinn greiðslumáta sem greiðslutryggingu. Nákvæm upphæð innborgunarinnar er ákvörðuð við skil þar sem upphæðin fer eftir ökutækinu (leiguupphæðinni og aukakostnaði eins og við á).

**Breytingar á bókun**

Hægt er að breyta bókun allt að 48 klukkutímum áður en leigan á að hefjast (háð framboði) gegn breytingargjaldi að upphæð 20 EUR. Greiðslur sem þegar hafa verið inntar af hendi fyrir leiguna verða ekki endurgreiddar, né er mismunurinn endurgreiddur þrátt fyrir að slíkar breytingar lækki hugsanlega leigukostnaðinn.

**Afpöntun**

Hægt er að afpanta bókun áður en leigan hefst. Þegar afpantað er skal endurgreiða upphæðina sem var greidd fyrirfram fyrir leiguna gegn afpöntunargjaldi sem er haldið eftir og skal nema leiguupphæðinni (auk aukakostnaðar og -gjalda) fyrir að hámarki 3 leigudaga. Hægt er að afbóka á netinu eða skriflega og skal stíla beiðni um slíkt á: Höfuðstöðvar Sixt á Íslandi, Bilaleiguna Berg ehf, Tangahöfða 8, 110 Reykjavík, Íslandi, fax: +354 567 9195, netfang: reservation@sixt.is

Ökutæki er ekki sótt

Í tilvikum þar sem bókað ökutæki er ekki sótt eða er ekki sótt á umsömdum tíma er leigukostnaðinum sem þegar hefur verið greiddur haldið eftir.

## Tryggingarskilmálar

### Ábyrgðartrygging þriðju aðila (TI)

Tryggingar ökutækisins fela í sér ábyrgðartryggingu þriðju aðila þar sem hámarkstrygging er að upphæð 1.350.000.000.- kr. vegna líkamstjóns, 228.000.000.- kr. vegna eignatjóns og 101.000.000.- vegna slysatryggingar ökumannsins. Notkun á ökutækjum til flutnings á hættulegum eignum er undanþegin öllum slíkum tryggingum. Allar tryggingar leigusamningsins falla úr gildi þegar óviðkomandi ökumaður notar ökutækið eða ökumaður ökutækisins var ekki handhafi gilds ökuskráttins við atvik sem liggur tryggingarmáli til grundvallar.

### Afsal réttinda vegna taps og tjóns (LDW)

Afsal réttinda vegna taps og tjóns fríar ökumann ábyrgð að hluta til er varðar skemmdir eða þjófnað á ökutæki.

Viðskiptavinurinn er einungis ábyrgur fyrir eftirfarandi upphæðum ef slíkt afsal er samþykkt:

1.500,00 EUR (MDMR, MDAR, ECMR, EDMN, EDAN, CDMN, CDAN, CLMR, CLAR, CWMR, CWAR, CVMR, IDMR, IDAR, IWMR, IWAR, IVMR, SDAR, SWMR, SWAR)

2.000,00 EUR (EFMN, IDAH, CFMR, CFAR, IFMN, IFAR, SFAR, SSAR, FFAR, FSAR, FVMN, PFAR, LFAR, XFAR).

Tryggingin fellur úr gildi við akstur ökutækisins á yfirlýstum bannsvæðum eða akstur þess á ís, óbrúuðum ám og fallvötnum, flæðarmálum eða á öðrum landsvæðum sem eru utan vega.

Viðskiptavinur ber fulla ábyrgð á heildarverðmæti bifreiðarinnar ef afsal réttinda vegna taps og tjóns (þ.m.t. trygging gegn þjófnaði) er ekki samþykkt.

### Kaskótrygging LDW

Þegar afsal réttinda vegna taps og tjóns er þegar innifalið í leiguupphæðinni getur leigutaki kosið að taka kaskótryggingu til að draga úr/fría sig óafsalanlegri ábyrgð.

Viðskiptavinurinn er einungis ábyrgur fyrir eftirfarandi upphæðum ef kaskótryggingin er samþykkt:

750,00 EUR (MDMR, MDAR, ECMR, EDMN, EDAN, CDMN, CDAN, CLMR, CLAR, CWMR, CWAR, CVMR, IDMR, IDAR, IWMR, IWAR, IVMR, SDAR, SWMR, SWAR)

1000,00 EUR (EFMN, IDAH, CFMR, CFAR, IFMN, IFAR, SFAR, SSAR, FFAR, FSAR, FVMN, PFAR, LFAR, XFAR).

### Súper kaskótrygging LDW

Viðskiptavinurinn er einungis ábyrgur fyrir eftirfarandi upphæðum ef súper kaskótrygging er samþykkt: 0,00 EUR

### Trygging fyrir sand- og öskufoki

Tryggingin fyrir sand- og öskufoki takmarkar ábyrgð leigutaka að hluta til á skemmdum sem verða á ökutækinu vegna sand- og öskufoks af náttúrunnar hendi.

Viðskiptavinurinn er einungis ábyrgur fyrir eftirfarandi upphæðum ef trygging fyrir sand- og öskufoki er samþykkt:

1.500,00 EUR (MDMR, MDAR, ECMR, EDMN, EDAN, CDMN, CDAN, CLMR, CLAR, CWMR, CWAR, CVMR, IDMR, IDAR, IWMR, IWAR, IVMR, SDAR, SWMR, SWAR)

2.000,00 EUR (EFMN, IDAH, CFMR, CFAR, IFMN, IFAR, SFAR, SSAR, FFAR, FSAR, FVMN, PFAR, LFAR, XFAR)

Þessi trygging er hvorki innifalin í afsali réttinda vegna taps og tjóns né í kaskótryggingunni. Án slíkrar tryggingar er leigutaki að öllu leyti bótaskyldur fyrir allri upphæð hugsanlegra skemmda.

### Sjálfsábyrgð

Sjálfsábyrgðin er innifalin í ábyrgðartryggingu þriðju aðila.

### Hjólbarða- og framrúðutrygging

Hjólbarða- og framrúðutryggingin nær til skemmda á hjólbörðum, framrúðu, hliðarrúðum og afturrúðu þar sem sjálfsábyrgðin nemur 0,00 EUR.

Viðskiptavinurinn er bótaskyldur fyrir öllum skemmdum ef tryggingin er ekki samþykkt.

## Takmarkanir á leigu yfir landamæri og akstri á lokuðum landsvæðum

Leiga yfir landamæri er ekki heimiluð.

Tryggingin fellur úr gildi við akstur ökutækisins á yfirlýstum bannsvæðum eða akstur þess á ís, óbrúuðum ám og fallvötnum, flæðarmálum eða á öðrum landsvæðum sem eru utan vega.

Akstur á vegum: Ekki er mælt með akstri á vegum 578, 622, F210, F323, F337, F578, F910 og F980.

Leigutaka er heimilt að fara með bílaleigubílinn um borð í ferjur sem ganga frá meginlandi Íslands að eyjum landsins.

Leigutaka er hins vegar bannað að fara með bílaleigubílinn um borð í ferju sem fer frá Seyðisfirði. Allar skemmdir sem verða á ökutækinu, annað hvort við siglingu eða á áfangastað falla undir trygginguna sem er keypt samkvæmt leigusamningnum. Engar bætur verða greiddar út fyrir skemmdir vegna úða/saltvatns.

Allar tryggingar falla úr gildi ef brotið er gegn takmörkunum á leigu yfir landamæri og akstri á lokuðum landsvæðum.

## Aukabúnaður

Bóka má aukabúnað án skuldbindinga og slíkur búnaður fer eftir framboði hverju sinni.

### Leiga aðra leiðina

Boðið er upp á að leigja ökutæki aðra leiðina á milli sölustaða Sixt á Íslandi samkvæmt skilmálum um gjaldtöku.

Leiga aðra leiðina er ókeypis innan Reykjavíkurborgar.

#### **Leiðsögukerfi**

Leiðsögukerfi er í boði gegn gjaldi.

#### **Aukabílstjóri**

Gjald er innheimt fyrir aukabílstjóra, en aukabílstjórinn er einungis skráður í leigusamninginn ef aukabílstjórinn framvísar gildu ökuskírteini.

#### **Börn og barnabílstólar**

Barnabílstólar og stólsetur eru í boði gegn gjaldi.

#### **Vetrarbúnaður**

Vetrarhjólbarðar eru í boði gegn gjaldi.

Frá tímabilinu frá 1. nóvember til 14. apríl ber öikumönnum skylda til að aka á vetrarhjólborðum á Íslandi og þeir eru innifaldir í leigugjöldunum.

#### **Áfylling eldsneytis á ökutækið**

Boðið er upp á að fylla eldsneyti á ökutækið eftir að því er skilað samkvæmt núverandi skilmálum ef þess er óskað.

#### **Wi-Fi-tenging**

Wi-Fi-tenging er í boði gegn gjaldi.

### **Önnur gjöld og skattar**

#### **Gjald fyrir úrvalsstaðsetningu**

Gjald fyrir úrvalsstaðsetningu er innheimt við leigutöku á flugvöllum og umferðarmiðstöðvum.

#### **Utan afgreiðslutíma**

Boðið er upp á þjónustu utan afgreiðslutíma á völdum sölustöðum. Í slíkum tilvikum er innheimt aukagjald fyrir þjónustuna.

### **VSK**

24%

Allar upphæðir með VSK (þegar hann á við).

Hugsanlega eiga aðrar upphæðir og aðrar reglugerðir við um fyrirtækjaviðskiptavinum sem hafa gert sérsamninga.